Góðir fundarmenn.

Það er mér sannur heiður að fá að ávarpa setningu Aðalfundar Landsambands smábátaeigenda sem nú er haldinn í fertugasta og annað sinn .

Ég hef frá upphafi dáðst af því kraftmikla starfi og baráttuanda sem fylgt hefur samtökunum enda alin upp í sjávarplássinu Suðureyri við Súgandafjörð þar sem allt snerist um sjósókn og baráttu fyrir betri kjörum sjómanna og verkafólks og réttinum til að nýta nálæg fiskimið.

Sveinbjörn Jónsson fyrrum sjómaður og formaður Verkalýðs og sjómannafélagsins Súganda og einn af stofnfélögum LS hefur alla tið verið góður talsmaður fyrir öflugri smábátaútgerð og réttlátara fiskveiðistjórnarkerfi en ég tók við formennsku af honum í Verkalýðs og sjómannafélaginu Súganda á sínum tíma og gegndi þeirri formennsku næstu 16 árin og hef látið mig varða fiskveiðistjórnunar kerfið og kjör og réttindi sjómanna og fiskverkafólks þá og nú í störfum mínum á Alþingi.

Ég hef í störfum mínum sem þingmaður og formaður atvinnuveganefndar fyrr og nú beitt mér fyrir öflugri smábátaútgerð og réttlátara fiskveiðistjórnunarkerfi og það hefur vissulega verið á brattann að sækja en það hafa sem betur fer náðst góðir áfangasigrar sem ber að fagna.

Það gerir “ enginn rassgat einn „ eins og stundum er sagt fyrir vestan“ en sem betur fer hafa verið réttsýnir þingmenn á Alþingi í gegnum tíðina sem komið hafa þar að málum og samstaða náðst um breytingar á kerfinu og nú er það Flokkur Fólksins sem barist hefur fyrir smábátaútgerðina og náð árangri í að efla Strandveiðar og aldrei hafa verið settar meiri aflaheimildir í Strandveiðar eins og síðastliðið sumar og það tókst einnig að koma grásleppunni úr kvóta sem var langt frá því auðvelt eða sjálfgefið en samspil þessara veiða styrkir smábátaútgerð um land allt.

Baráttunni er langt frá því lokið því nú verðum við að efla og stokka upp 5.3 % kerfið og koma með frumvarp þess efnis í vetur sem eykur fyrirsjáanleika í Strandveiðum og réttlátari úthlutunar úr öðrum byggðapottum sem tryggir byggðafestu og vinnu til sjós og lands og skilar sér í raun til smábátaútgerða og minni sjávarplássa en fari ekki til stórútgerðarinnar sem hefur nægan kvóta fyrir.

Sá árangur sem náðst hefur fyrr og nú væri ekki til staðar ef Landsamband smábátaeigenda hefði ekki verið til staðar með sína öflugu hagsmunagæslu fyrir smábátaútgerð og sjávarbyggðir landsins .

Vil ég þar sérstaklega nefna þá heiðursmenn Örn Pálsson og Arthúr Bogason að öðrum ólöstuðum sem staðið hafa í stafni frá upphafi og eiga mikinn heiður skilinn fyrir sína óeigingjörnu baráttu fyrir smábátasjómenn og fjölskyldur þeirra og sjávarbyggðir landsins. Án þeirra miklu baráttu og þeirra sem hafa haldið uppi öflugum félögum um land allt væri veruleikinn annar í dag

Það má búast við átökum í þinginu framundan við að koma í gegn endurskoðun á 5.3 % hluta kerfisins.

Því mikill vill meira og stórútgerðin og talsmenn hennar á þingi sjá ofsjónum yfir einhverju frelsi og fjölbreytileika í útgerð þar sem grundvöllur er skapaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem einstaklingurinn og fjölskyldu fyrirtæki fái að blómstra.

Maður spyr sig oft í þessari umræðu hvar eru nú talsmenn einkaframtaksins þegar smábátaútgerðin á í hlut. Við horfum upp á stórútgerðaraðila vera að kaupa upp minni útgerðir í litla kerfinu og sú þróun er hröð og vond og mikilvægt er að verja þann hluta fiskveiðistjórnunar kerfisins sem hefur verið smærri byggðum á landsbyggðunum mjög mikilvægur.

Strandmenning er stór hluti af menningu okkar íslendinga og hana eigum við að verja og þar er öflug smábátaútgerð í lykilhlutverki.

Faðir minn og fósturfaðir voru alla sína tíð trillukarlar á Suðureyri og móðir mín kennari þar í 40 ár. Hilmar Oddur maðurinn minn heitinn var trillukarl með meiru seinni árin á Suðureyri og nú hefur sonur okkar tekið við stýrinu á trillunni og er það vel. Við þurfum að huga að kynslóðaskiptum í þessari grein eins og í landbúnaði.

Framtíðar sýn mín sem barns var að vera kennari á veturna og sjómaður á sumrin en það er einmitt það sem Sveinbjörn Jónsson sem hér er staddur gerði hér áður fyrr heima á Suðureyri í nokkur ár. En þó það hafi ekki orðið veruleikinn hjá mér ,þá hef ég reynt að leggja smábátaútgerðinni lið og landsbyggðinni sem hefur alltaf átt á brattann að sækja.

Flokkur Fólksins mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir öflugri smábátaútgerð og hefur sýnt það í verkum sínum

Ég vil að lokum þakka þeim félögum Erni Pálssyni og Arthúri Bogasyni fyrir gott starf í þágu sjávarbyggðanna en þeir hafa lagt okkur þingmönnum í gegnum árin ómetanlegt lið og staðið vaktina í öll þessi ár við að koma á réttlátum breytingum á fiskveiðistjórnunar kerfinu og þakka ég þeim fyrir eins og nýjum formanni og öðrum félögum í LS fyrir góða samvinnu í gegnum árin og vonandi verða þeir félagar Örn og Arthúr á bakvakt áfram.

Það er gott að sjá að öflugur formaður Kjartan Páll Sveinsson stendur nú í stafni LS og nýráðinn framkvæmdastjóri Bryndís Ósk Jökla Björnsdóttir sé komin til starfa og vil ég óska þeim velfarnaðar í starfi og í baráttunni fyrir öflugri smábátaútgerð sem líkur aldrei það þarf alltaf að vera á vakt og hvet ég félagsmenn LS að standa saman í baráttunni því án samstöðu næst lítill árangur. Gangi ykkur sem best á þessum tímamótum.

Takk fyrir.